

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 149 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 4. nóvember 2025 kl. 16:00 á skrifstofu félagsins að Básaskersbryggju.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Sigurbergur Ármannsson, Rannveig Ísfjörð, Björg Þórðardóttir, Sæunn Magnúsdóttir, Einar Gunnarsson, Ólafur Jóhann Borgþórsson, framkvæmdastjóri og Ása Ingibergsdóttir, fjármálastjóri.

Á dagskrá fundarins voru þrjú dagskrárliðir

1. Farþega- og rekstrartölur fyrir september 2025

Framkvæmdastjóri fór yfir farþegatölur septembermánaðar ársins 2025. Farþegar voru um 32.000. Framkvæmdastjóra er þökkuð yfirferðin. Þá fór fjármálastjóri yfir rekstrartölur fyrir september, honum er þökkuð yfirferðin.

2. Fjárhagsáætlun 2026

Fjármálastjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2026. Fjármálastjóra er þökkuð yfirferðin.

3. Önnur mál

Siglingaáætlun um jól og áramót var rædd og ákveðið að hún yrði óbreytt frá síðasta ári.

Styrkjámál voru rædd og samþykkti stjórn að veita starfsmönnum líkamsræktarstyrk.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 2. desember n.k. kl. 16:00

Fundi slitið kl. 18:30

Fundargerð ritaði Sæunn Magnúsdóttir.